


Umgengni við æðagraft


Nú þegar þú hefur fengið æðagraft sem nota á til blóðskilunar er mikilvægt að hugsa vel um hann. Þannig aukast líkur á að hann endist vel og sé sú líflína sem hann er gerður til.



Beinn graftur

Eftir aðgerðina

Halda þarf umbúðum hreinum eftir aðgerðina. Umbúðir má fjarlægja á þriðja degi eftir aðgerð. Þá er óhætt að fara í sturtu. Best er að bíða með að fara í baðkar eða sund í eina viku. Hefti og saumar eru fjarlægðir við endurkomu til sérfræðings um tveimur vikum eftir aðgerð eða hjá hjúkrunarfræðingi á skilunardeild.



Boginn graftur/gerviaðarfstill

Nota má graft til blóðskilunar fljótlega eftir aðgerðina en reynt er að bíða í tvær til fjórar vikur sé þess kostur.

Fyrstu þrjár vikurnar þarf að hlífa handleggnum við álagi og ekki bera þunga hluti en óhætt er að nota handlegginn við daglegar athafnir.

Dagleg umhirða og eftirlit

Gott er að venja sig á að skoða graftinn daglega. Til dæmis má tengja það daglegum athöfnun, svo sem að bursta tennurnar, klæða sig eða borða morgunmat.

- Skoða húðina yfir grafti og athuga hvort þar sé roði, bólga eða eymsli. Ef svo er þarf að hafa samband við skilunardeild eða vakthafandi nýrnasérfræðing.
- Þreifa eftir titringi yfir grafti. Ef enginn titringur finnst þarf strax hafa samband við skilunardeild eða vakthafandi nýrnasérfræðing.
- Þvo handlegginn með mildu sápuvatni.

Verndun grafts


Forðast ber það sem gæti þrýst fast á eða lokað fyrir blóðflæði í graftinum. Reyna þarf að liggja ekki á handleggnum á næturnar. Handleggur má að jafnaði ekki vera í mjög krepptri stöðu. **Ekki má mæla blóðþrýsting, taka blóðprufur eða stinga nálum í handlegginn eftir að graftur hefur verið settur í.** Fatnaður eða skartgripir sem þrengja að grafthandleggnum svo sem ermar með þröngu stroffi, armbönd, úr eða töskuhöldur geta lokað fyrir blóðflæði í graftinum.

Graftur notaður við blóðskilun

Viku áður en byrjað er að nota graftinn er gerð áætlun um staðsetningu nála og deyfingu.

Þvo þarf handlegginn með mildu sápuvatni rétt áður en blóðskilun hefst.

Í blóðskilun er tveimur nálum stungið í graftinn, hægt er að deyfa stungustaði til að minnka sársauka. Blóðið rennur út um aðra nálina og flæðir í gegnum blóðskilunarvél sem síar burtu óæskileg efni. Blóðinu er skilað aftur til líkamans í gegnum hina nálina.



Mikilvægt er að vera í þægilegri stöðu þegar búið er að tengja við blóðskilunarvélin. Þannig er líklegra að góð hvíld fáiast og ekki verði spennu í öxlum og hálsi. Forðast þarf miklar eða snöggar hreyfingar svo nálarnar hreyfist sem minnst.

Eftir blóðskilunina eru nálarnar fjarlægðar og plástur eða grisjur settar yfir stungugötin. Halda

þarf við stungugöt með fingrunum í um 10 mínútur til að stöðva blæðingu. Umbúðir skal fjarlægja af stungugötum eftir 4-6 klukkustundir. Forðast ber að reyna mikið á handlegginn eða lyfta þungu daginn sem stungið hefur verið í graftinn.

Blæðing úr stungugötum

Fari að blæða úr stungugötunum er mikilvægt að þrýsta strax á með fingrum eða hreinum grisjum. Handleggnum er lyft upp fyrir hjartastað og haldið við í að minnsta kosti 10 mínútur eða þar til blæðingin hefur stöðvast. Hafi blæðingin ekki stöðvast innan 30 mínútna þarf að hafa samband við skilunardeildina eða bráðamóttöku utan opnunartíma skilunardeildar. Gott er að eiga alltaf og hafa á sér hreinar grisjur, umbúðir eða plástur.

Að lokum

Grafturinn er nauðsynlegur fyrir blóðskilunarmedferðina. Mikilvægt er að hirða vel um hann svo hann gagnist sem lengst.

Hafa skal samband við skilunardeild eða bráðamóttöku ef:

- Roði, bólga og/eða eymsli eru yfir graftinum
- Títrigur finnst ekki yfir grafti
- Blæðing úr stungugötum stöðvast ekki innan 30 mínútna

Símanúmer

Skilunardeild: Opið kl. 8–20 mánudaga til föstudaga og kl. 8–16 um helgar, s. 543 6315

Skiptiborð Landspítala: Opið allan sólarhringinn, s. 543 1000

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna

Slóðir á gagnlegar vefsíður um grafta

<http://kidneyschool.org/pdfs/KSModule8.pdf>

<http://kidney.niddk.nih.gov/kudiseases/pubs/vascularaccess/>

<http://kidneypatientguide.org.uk/access.php>